

Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

Apríl 2017

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarsjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðsins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

Frá sveitarstjóra – Andrea K. Jónsdóttir

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í mars:

Mánuðurinn hefur almennt verið annasamur, bæði hér á skrifstofunni sem og í BsVest og AtVest. Búið er að fara yfir framkvæmdir 2017 og koma upplýsingum út til ábyrgðaraðila. Töluverður tími hefur farið undirbúning og gerð atvinnuauðlýsinga en alls voru 8 störf auglýst í helgarblaði Fréttablaðsins þann 29. apríl. Auk þess hefur töluverð vinna verið í innri málum sveitarfélagsins. Ekki hefur enn verið ráðið í starf á skrifstofu og höfum við Salbjörg bætt því á okkur (mestur þunginn fer á Salbjörgu). Ég var í fríi 3 daga í kringum páskana og aftur 2 daga um mánaðarmótin.

Umsóknarfrestur vegna auglýstra starfa er 10. maí og þá tekur við úrvinnsla og ráðningar. 16. Ég mun sækja námskeið um ráðningar starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum, stefnumótunarvinna með Thorp ehf mun halda áfram, ég hyggst sækja málþing um innleiðingu Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks og fjórðungsþing fer fram 24. Maí og verður það í Bolungarvík.

Frá forstöðumanni áhaldahúss – Sigurður M Þorvaldsson

Grásleppuveiðin hefur verið mjög róleg þetta árið og komu ekki á land nema 30 tonn af gásleppu í apríl, flestir eru búnir að draga upp netin og eru ekki nema 2 bátar með net í sjó enn. Föni er byrjaður að fara á úthafsækju og gekk mjög vel í síðasta túr hjá honum. Eins hafa komið 2 skip með áburð og girðingarstaura eða samtals 1400 tonn af áburði og 50 tonn af staurum. Byrjað er að keyra áburði á sveitabæina. Til samanburðar komu ekki nema 757 tonn af áburði 2016. Nú eru strandveiðar að hefjast og vonum við að þær verði góðar fyrir bátana okkar hér á Hólmavík. Eins erum við byrjaðir að gera klárt fyrir sumarið hjá áhaldahúsinu. Leki kom upp í félagsheimilinu í apríl þar sem það brotnaði lofttæmingar ventill á ofni fyrir ofan andyrrið og skemmdist töluvert af loftplötum, búið er að skipta um þær.

Við höfum verið aðeins að fara yfir tjaldsvæðismálin með Birnu og er hún búin að óska eftir því að tjaldsvæðið opni um 15. Maí, enda er oft fólk búið að vera á tjaldsvæðinu nú í apríl.

Frá skrifstofustjóra - Salbjörg Engilbertsdóttir

Heiða lét af störfum 31.mars og ekki hefur tekist að ráða neinn í hennar stað. Við Andrea reynum að skipta hennar verkum á milli okkar tímabundið en auðvitað verður eitthvað annað að sitja á hakanum á meðan. Stærsti hluti mánaðarins fór þó í uppgör og ársreikningavinnu v .2016 og fór ég með bókhaldið til endurskoðanda 25.apríl s.l.

Framundan í maí er skil á ársreikningi og bókhaldsvinna fyrir næstu vsk skil og skil til Hagstofu á bókhaldi en við þurfum að senda bókhaldsupplýsingar eftir hvern ársfjórðung.

Félagsheimili

Nokkuð var um að vera í apríl, 2 fermingarveislur, bingó, skírnarveisla og leiklistarval grunnskólans sýndi Þjóðleiksverkefnið Morð eftir Ævar Þór Jónsson. 2 sýningar verða hjá þeim í Maí. Salernið er mikið notað af ferðamönnum og vel þegið, allir sem ég hef rekist á eru afar ánægðir. Við þurfum sjálf að bæta úr merkingum og sörpílátum. Stefnt er á að opna anddyrið fyrir tjaldsvæðagesti 15.maí n.k.

Frá félagsmálastjóra – María Játvarðardóttir

3. apríl var fundur í Barnaverndarnefnd á Borðeyri. Í mánuðinum var unnin ársskýrsla um barnaverndarmál fyrir Barnaverndarstofu.

Annars voru hefðbundin störf, mæting á teymisfundi í Grunnskólanum og á nemendaverndarráðsfundi. Endurnýjaðir samningar vegna stuðningsfjölskyldna.

Ráðið var í afleysingar fyrir starfsmenn í heimaþjónustu sem fara í orlof um sauðburðinn og einnig unnið að ráðningu starfsfólks í liðveislu í sumar.

Frá forstöðumanna Íþróttamiðstöðvar – Birna Karen Bjarkadóttir

Það fór lega í þvottavélinni, og ekki borgaði sig að gera við vélina. Keypt var ný þvottavél. Keypt var upphýfistöng í Flosaból sem hengd var upp. Skipt var um slöngur úr klórdælum og yfir í klórtank. Það var komið gat á slöngurnar og dældist því treglega í laugina.

Páskaopnun var eftirfarandi:

skírdagur 11:00-18:00

föstudagurinn langi 11:00-18:00

Laugardagur 11:00-18:00

páskadagur 11:00-18:00

annar í páskum 11:00-18:00

Mikil aðsókn var yfir páskana og gekk allt mjög vel.

Barnalaugin var opnuð í enda mánaðar. Ég pantaði nýjan dúk á laugina hjá Seglagerðinni.

Sturtarnar og gufan slóu út vegna leka í félagsheimili en komst það strax í lag þegar búið var að koma fyrir lekann.

Nýjir geymar í skúringavélina fyrir salinn voru keyptir og settir í.

Ráðningar í sumarstörf fyrir íþróttamiðstöðina er lokið. Og hlökkum við til samvinnu með þeim.

Félagsmiðstöðin Ozon ásamt félagsmiðstöðinni á Reykhólum héldu sundlaugarpartý miðvikudaginn 26. apríl. Allt gekk mjög vel og skemmtu krakkarnir sér vel.

Okkur var gert tilboð í bakskolunarsand og munum við skipta um sandinn þegar hreinsitækni kemur í sumar. Þeir koma með sandsugu til að sjúga upp sandinn í sandsíunum.

Búið er að panta steypit útigrið fyrir tjaldsvæðin og voru þau keypt hjá Bmvallá.

Sumaropnun verður 15. maí. Og verður þá opið frá 09:00-21:00 alla daga.

Frá leikskólastjóra – Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir

Leikskólastjóri hefur tekið starfsmenn í starfsmannaviðtöl í apríl en á tvö eftir.

Rugludagur var haldinn 26. mars en þar eru nemendur og starfsfólk í því að gera flest á annan veg en vanalega eins og klæða sig öðruvísi, borða grænan graut ofl.

Deildarstjórnarnir sátu námskeið hjá Barnaheill. Námskeiðið „Vinátta – Fri for mobberi“ er forvarnarverkefni gegn einelti. Í ársriti júní 2016, blaði Barnaheilla kemur fram að aðstæður geti í fljótu bragði virðst vera saklausar eins og að vilja ekki leiða einhvern. Ekki eru fundin fórnarlömb eða sökudólgar heldur er mikilvægt að tryggja að allir komi út úr þessum aðstæðum með reisn. Það kemur einnig gildi vináttu.

Vinátta byggir á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu skólastarfi.

Gildi vináttu eru:

- **Umburðarlyndi** að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.
- **Virðing** að viðurkenna og virða alla í hópnum og gildi margbreytileikans, að vera öllum góður félagi.
- **Umhyggja** að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samliðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

- **Hugrekki** að hafa hugrekki til að bregðast við órétti og að geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti sem aðrir eru beittir.

Leikskólinn Lækjarbrekka er því orðin Vináttu leikskóli og byrjar markviss vinna með efni verkefnisins að fullum krafti næsta haust.

Sjá má meira um verkefnið á <http://www.barnaheill.is/Vinata/>

Grænfána skýrsla var send og stefnum við að því að fá grænfána nr.2 afhentan í maí eða júní. Verkefni sem tekið er fyrir næst er „átthagar“.

Frá skólustjóra Grunn- og Tónskólans – Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Mánuðurinn byrjaði með þemaviku, þar sem unnið var að uppsetningu á leikverkinu Blái hnötturinn. Hrafnhildur Þorsteinsdóttir skrifaði handrit að leiksýningunni að undangenginni vinnu kennara. Ingibjörg Emilsdóttir leikstýrði og allir starfsmenn grunn- og tónskólans unnu vel og dyggilega að uppsetningunni. Allir nemendur áttu sinn þátt í sýningunni sem tókst mjög vel og var afar vel sótt. Að henni lokinni var haldið í páskafrí.

Útivistardagur var haldinn 21. apríl. Þá fóru allir í sleðaferðalag og dagurinn endaði svo í leik og fjöri í sundlauginni.

Ásta Þórisdóttir og nemendur í Þjóðleiksvali unnu hörðum höndum að uppsetningu á leikritinu Morð eftir Ævar Þór Benediktsson. Frumsýning var fimmtudaginn 27. apríl og tókst í alla staði vel. Daginn eftir hélt hópurninn á lokahátíð Þjóðleiks í Varmahlíð þar sem saman voru komnir hópar af Norðurlandi og Vestfjörðum.

Fulltrúi Kiwanis klúbbsins á Blönduósi kom í heimsókn og færði börnum í 1. bekk hjálma að gjöf.

Pálmar Ragnarsson kom í boði foreldrafélagsins og hélt tvo fyrirlestra fyrir 8.-10. bekk og 5.-7. bekk.

Skólustjóri sat meðal annars fundi forvarnarteymis, forstöðumanna og nemendaverndarráðs.

Frá Slökkviliðsstjóra – Einar Indriðason

Ein æfing var í apríl. Um mánaðarmótin fórum við Siggí á aðalfund félags slökkviliðsstjóra í Reykjarnesbæ, fundurinn var mjög gagnlegur, þar komu fram ýmsar nýjungar í búnaði fyrir slökkvilið, við hittum líka slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra frá Vík í Mýrdal og fengum góðar upplýsingar um nýja bílinn sem þeir voru að kaupa. Þar hittum við líka forstjóra Mannvirkjastofnunar og hann hvatti okkur mjög til að ljúka endurnýjun brunavarnaáætlunar fyrir sumarið, og við höfum verið að vinna í því. Annað var hefðbundið í apríl, tölvupóstar og símtöl.

Frá tómskundafulltrúa – Esthr Ösp Valdimarsdóttir

Vinnuskýrsla tómskundafulltrúa - apríl 2017

Töluvert hefur drifið á daga tómskundafulltrúa í apríl þrátt fyrir mikil ferðalög og páskafrí í lengra lagi til að vinna niður uppafnaða yfirvinnu:

- **Samfelldur dagur** – Beðið eftir fundum á vegum sveitarstjórnarfulltrúa. Nú er orðið mjög brýnt að taka ákvörðun sem fyrst.
- **Breytingar í félagsheimili** – Leikfélagið er búið að tæma kjallarann og verkáætlun er tilbúin.
- **Skipulag sumarstarfs** – Búið er að ráða í allar stöður og opnað hefur verið fyrir umsóknir í Vinnuskóla nú þarf að fara í skipulagningu.
- **Veraldarvinir** – Erindi býður enn umfjöllunar umhverfisnefndar.
- **Hamingjudagar** – Utanaðkomandi atriði voru staðfest og gengið óformlega frá samningum. Búið er að gera markaðsáætlun og panta nauðsynlegt efni. Vonandi hafa öll fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök á svæðinu fengið símtal eða heimsókn varðansi hátíðina þar sem allir eru hvattir til að leggja sitt að mörkum, þetta sé nú

hátíðin okkar. Stefnt er að því að breyta hátíðinni svolítið, einblýna meira á hamingjuna og auka virka þátttöku og samveru fjölskyldunnar.

- **Aðalfundur** – Ég hef fylgst með og heimsótt eftir bestu getu aðalfundi frjálsra félagasamtaka á svæðinu til að setja mig inn í málin og vera þeim til stuðnings. Þessar heimsóknir hafa gefist vel og eru án efa stuðningur við gott samstarf.
- **Ungt fólk og lýðræði** – Tveir fulltrúar ungmennaráðs tóku þátt í þessari árlegu ráðstefnu UMFÍ. Ég fór ekki með að þessu sinni en ferðin heppnaðist vel og munu fulltrúarnir skíra betur frá henni síðar.
- **Fræðsluferð til Tallin** – Tómskundafulltrúi fór í frábæra fræðsluferð til Tallin í Eistlandi með FFF og FÍÆT. Í Eistlandi er margt að finna sem við mættum taka okkur til fyrirmyndar, ekki síst hversu hátt skrifað frístundastarf er og sú staðreynd að því er þakkað gott gengi ungmenna í PISA. Mesti lærdómurinn í slíkum ferðum fer þó fram í öllu óforlega spjallinu og ígrunduninni í kjölfar funda. Ítarleg skýrsla um ferðina er væntanleg.
- **Aðalfundur Samfés** – Aðalfundur Samfés fór fram á Akureyri 27. og 28. Apríl. Fjósíð fékk tilnefningu til verðlauna og ég valin skoðunarmaður reikninga samtakanna. Að þessu sinni fór aðeins einn fulltrúi á fundinn en við höfum seturétt fyrir tvo. Svona fundir eru mikil innspýting í starfið.
- **Uppsögn** – Ég sagði starfi mínu lausu fyrir mánaðarmótin og tekur uppsögn mín gildi um mánaðarmótin júní-júlí.

Fastir liðir

- **Forvarnarteymi** – Fundaði 4. apríl þar sem ákveðið var að tómskundafulltrúi skyldi leiða vinnu við að gera forvarnaráætlun sveitarfélagsins. Teymið hlaut 75.000 kr. styrk til kaupa á forvarnarfræðslu sem enn hefur ekki verið ráðstafað.
- **Ungmennaráð** – Ungmennaráð fundaði 2. Apríl, þar var aðallega unnið að undirbúningi 3. Ungmennanings Strandabyggðar.
- **TÍM nefnd** – Fundaði ekki í apríl vegna anna nefndarformanns.
- **Ozon** – Opnanir eru á miðvikudagskvöldum. Vikulega hjá unglingum og aðra hverja viku hjá miðstigi. Yngri hópurinn fór í páksaeggjaleit í dymbilvikunni og hélt spariboð. Eldri hópurinn hélt spilakvöld, Fifa mót og Kahoot keppni, páksaeggjaleit og fékk Búðardal og Reykhóla í heisókn í frábært sundlaugarpartý í Íþróttamiðstöðinni. Í apríl hefur ennframur varið starfandi videóklúbbur annan hvorn miðvikudag en Angantýr sér um hann.
- **Félagsmálaval** – Lítið hefur verið um fundi vegna margra frídaga. Nú er aðallega unnið að skipulagningu galakvölds.
- **Foreldrahittingar** – Fastur liður í hádeginu á miðvikudögum, ég hef þó ekki alltaf verið með sökum anna. Mikil ánægja er með hittingana og augljóst að þörf er á þeim.
- **Fjósíð** – Fjósíð er að taka við sér á nýjan leik og í apríl voru nokkrir viðburðir, til dæmis var farið í pottana á Drangnesi. Fjósíð var tilnefnt til verðlauna á aðalfundi Samfés í flokknum óvænt útkoma en það þykir til fyrirmyndar að rekið sé ungmennahús í svo litlu samfélagi.

Verkefni í maí

- **Skipulag sumarstarfs** – Tekið verður við umsóknum í Vinnuskólann til 8. Maí, að því búnu set ég saman skipulag starfsins og námsskrá í samstarfi við Sigga Marra og Dagrúnu í Náttúrubarnaskólanum. Sumarnámskeið verða enn fremur skipulögð og auglýst í maí og mun skráningu í þau ljúka um mánaðarmótin.
- **Kortlagning göngustíga og útivistasvæða [verkefni ekki hefur klárast]** – Nú er ég komin með kort í hendurnar. Næstu skref væri gott að vinna í samstarfi við Áhaldahús til að upplýsingar liggi sem skýrast fyrir fyrir sumarið.

- **Hamingjudagar** – Sífelld meiri tími er helgaður þessu verkefni þegar líður á vorið. Í byrjun maí verður dagskráin tilbúin og markaðsstarf hefst með póstlagningu fræja. Í apríl klára ég að tala við fyrirtæki á svæðinu og sömuleiðis frjáls félagasamtök um þátttöku á hátíðinni. Gera þarf áætlun um hver þarf að gera hvað og hver beri ábyrgð á hverjum verkþætti til að dreifa álaginu á hátíðinni sjálfri.
- **Ungmennanæping Strandabyggðar** – 3. Og síðasta ungmennanæping vetrarins verður í Félagsheimilinu 2. Maí. Þar verða umræðuhópar um fíkn og fulltrúar sveitarstjórnar sjá um fundarritun.
- **Árþing HSS** – Verður 3. Maí í Baldri á Drangnesi
- **Aðalfundur FÍÆT** – Verður haldinn í Reykjanesbæ 11. og 12. maí.
- **Hreyfivika** – Hreyfivika UMFÍ fer fram 29. Maí-4. Júní en tómsfundafulltrúi sér um að Strandabyggð slái hvergi slöku við í henni.
- **Skólaslit** – Útskriftarnemendur fá útskriftarplagg og meðmæli og fulltrúar í félagsmálavali umsögn.

Fastir liðir

- **TÍM nefnd** – Fundar verður 8. Maí
- **Ungmennaráð** – Fundur ungmennaráðs verður 23. Apríl. Þar verður unnið úr niðurstöðum ungmennanæpinga og gerð áætlun að sumarstarfinu en áætlað er að fara í sumarferð sem og að sjá um viðburð á Hamingjudögum.
- **Ozon** – Unglingarnir munu heimsækja Búðardal og yngri hópurinn fer á ball í Tjarnarlundi með Búðardal og Reykhólum og fara í útileiki og human fúsból. Unglingarnir ætla að safna flöskum til að safna fyrir innbúi í kjallara félagsheimilisins, kryfja bíl, fara í útileiki og undirbúa galakvöldið. Galakvöldið verður hadlið í Baldri á Drangnesi föstudaginn 19. Maí og þar munu foreldrar aðstoða við undirbúning mikillar veistu. Verið er að huga að ferð 31. Maí til að ljúka árinu. Videóklúbbur heldur áfram að starfa.
- **Félagsmálavali** – Skipulag Galakvölds, vorferð og uppgjör ársins er á dagskrá.
- **Foreldrahittingar** – Foreldrahittingar halda áfram. Nú fer að fjölga nýfæddum börnum og viðbúið að hópurinn stækki, jafnframt þarf að skoða leiðir til að virkja feðurna. Með betra veðri og hækkanði sól stefni ég á að hvetja nýbakaða foreldra til útiveru.
- **Fjósið** – Engir viðburðir eru á dagskrá í maí enn sem komið er.
- **Samfelldur dagur** – Vonandi liggja einhverjar ákvarðanir fyrir sem fyrst til að hægt verði að skipuleggja framhaldið en gott skipulag er lykillinn.